

í málinu: Frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að veita 20 þúsund króna styrk af landssjóði til hafnargerðar í Þorlákshöfn og til að veita allt að 40 þúsund króna lán af viðlagasjóði til sama fyrirtækis.

Nefndin hefir athugað mál þetta eftir því, sem föng eru á. Hún við-urkennir það, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, því að sjávarútvegur austanfjalls mundi vinna stórkostlega við það, ef höfn yrði gerð í Þorlákshöfn, svo að mótorbátaútvegur gæti hafist þar, enda mundi mótorbátaútvegur af Eyrarbakka og Stokkseyri þá flytjast þangað. Enn fremur mundi slík höfn gera það að verkum, að mótorbátar og opin skip af Stokkseyri og Eyrarbakka, er ólendandi væri þar sakir brims, mundu geta leitað neyðarhafnar í Þorlákshöfn, en þess eiga þeir ekki kost nú, af því að lendingar er þeim þar ekki kostur nú, því að einungis opnum bátum er fært að lenda þar. Mótorbátahöfn í Þorlákshöfn mundi því bæði lyfta sjávarútvegi austanfjalls stórkostlega og eflaust hjarga mörgu mannlífi í sjávarháská.

Þorlákshöfn er nú eign hlutafjelags. Jörðin er $54\frac{1}{3}$ hundruð að dýrleika að fornu mati, en 43,5 hundruð að nýju. Samkvæmt skýrslu eigendanna eru afgjöld af jörðinni nú:

Fyrir reka	kr. 100,00
25 $\frac{1}{2}$ hlutir í skipsuppsátur $\frac{150}{100}$	— 3750,00
Lóðargjald og leigur alls	— 10.0,00
Ógreidd jarðarafgjöld	— 500,00
Ýmsar tekjur frá kaupmönnum og öðrum, svo sem fyrir stakkstæði, húsalán o. fl.	— 300,00
	<hr/>
	Samtals kr. 5680,00

Síðasta virðingarverð jarðarinnar nemur, samkvæmt sömu skýrslu 96 þúsund krónum, og stendur jörðin að veði fyrir 20 þús. króna láni í Íslandsbanka, og liggur þar virðingargerðin.

Þvi miður hafa hvorki þinginu nje heldur nefndinni borist áætlanir um kostnað við hafnargerðina nje uppdrættir af hinni fyrirhuguðu höfn, en eigendurnir skýra svo frá, að höfn fyrir 40 mótorbáta af þeirri stærð, er nú tíðkast þar austur, mundi kosta 50—60 þús. krónur.

Verkfræðingur landsins, Jón Þorláksson, hefir skýrt formanni nefndarinnar frá því, að örugg mótorbátahöfn fyrir 50 báta mundi kosta um 75 þús. krónur.

Óskir manna þar austur ganga mjög eindregið í þá átt, að slík höfn, sem hjer segir, verði sem fyrst gerð. Bæði liggja fyrir áskoranir í þingmálafundargerðum í þá átt og beiðni úr þeim hreppum Árnessýslu, er málið skiftir mestu.

Eins og áður er sagt er Þorlákshöfn eign einstakra manna, hlutafjelags. Þar af leiðir, að þeir geta nú að sjálfstöðu sett þeim mönnum, er þaðan gera út báta til fiskiveiða, þá kosti, er þeim þykir hlýða, bæði um gjald fyrir skipsuppsátur og aðra notkun vergagna. Hins vegar gerir hafnarleysið á strönd

Suðurlandsundirlendisins það að verkum, að menn mundu neyðast til að gera út þaðan, enda þótt kostirnir yrðu afarharðir, enda er staðurinn fiskisæll. Vjer lítum því svo á, að full almenningsnauðsyn sje til þess, að landið eignist þessa jörð. Á þann hátt ætti hag sjómannaþjettarinnar að vera vel borgið, því að landið mundi að sjálfsögðu sjá sinn hag mestan í því að þröngva að engu leyti hag sjómanna og aldrei setja gjöldin af þeirra hendi óhæfilega hátt fyrir notkun vergagna þar, og sleppa þó reikningslega skaðlaust, auk þess hagnaðar, sem landið alt og sýslurnar, Árness- og Rangárvallasýslur, mundu hafa af auknum og tryggari sjávarútvegi á þessum stað. Hins vegar er auðvitaður hlutur, að núverandi eigendur eiga að fá sitt uppborið fyrir eignina, þá er hún kæmist undir eignarumráð landsins.

Til þess að tryggja bæði hag þeirra, sem einkum mundu nota höfnina og jafnframt til þess að tryggja það, að höfnin yrði gerð sem fyrst og sem best, viljum vér leyfa oss að leggja til, að stjórnin skuli fyrst og fremst semja um kaup á Þorlákshöfn og kaupa hana, ef um semur. En takist það ekki, þá vill nefndin, að löggjafarvaldið veiti landsstjórninni heimild til þess að taka eignarnámi jörðina eða svo mikið af henni, sem nægir til framkvæmdar hafnargerðinni og fullri notkun hafnarinnar. Eins og vikið var á, þá sýnist oss eigi vafi á því, að almenningsþörf heimti þetta. Þegar landið hefði fengið eignarumráðin yfir jörðinni, þá ætti sem allra fyrst að byrja á verkinu, er áætlanir og önnur gögn væru ábyggileg fengin, og mætti það eigi síðar vera en í maí 1915, svo vænta meg, að höfnin verði tilbúin til afnota á vertiðinni 1916.

Á jörðinni má hafa bú nokkurt, því að tún eru þar, enda gott um áburð úr fiskúrgangi, og svo fjörubeit allgóð. Útræði gæti eflaust orðið þar miklu lengri tíma á ári hverju en nú er eftir að höfnin væri komin. Heyskap má og sækja í Ölfus, ef þörf gerist. Mundi jörðin eflaust verða auðbygð.

Samkvæmt framanskráðu leyfum vjer oss að bera upp fyrir háttv. deild frumv. um kaup á Þorlákshöfn o. fl., og er frumv. prentað á þingskj. 392.

Alþingi 6. ágúst 1914.

Matth. Ólafsson,
formaður.

Einar Arnórsson,
skrifari.

Björn Kristjánsson.

G. Eggerz.

Sigurður Sigurðsson.